

AUGLÝSING

um mörk kjördæma í Reykjavík fyrir alþingiskosningar 10. maí 2003.

Landskjörstjórn hefur ákveðið með vísan til 1. mgr. 7. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, sbr. og 5. – 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, að mörk Reykjavíkurkjördæma suður og norður verði eftirfarandi fyrir alþingiskosningar 10. maí 2003:

Mörk Reykjavíkurkjördæma suður og norður skulu dregin um miðlínu eftirfarandi gatna frá vestri til austurs: Eftir Hringbraut (frá Ánanaustum), Miklubraut, Ártúnsbrekku og Vesturlandsvegi að mótum Vesturlandsvegur og Suðurlandsvegur en þaðan eftir Suðurlandsvegi og að borgarmörkum við Geitháls.

Meðfylgjandi er uppdráttur sem sýnir mörk milli Reykjavíkurkjördæma með blárrí línu.

Þá hefur landskjörstjórn ákveðið með vísan til 2. mgr. 23. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, að þeim sem taka ber á kjörskrá samkvæmt b-lið 1. mgr. 23. gr. sömu laga skuli skipt milli Reykjavíkurkjördæma suður og norður þannig að í Reykjavíkurkjördæmi suður komi allir þeir sem fæddir eru 1. – 15. dag mánaðar en í Reykjavíkurkjördæmi norður komi þeir sem fæddir eru 16. dag mánaðar eða síðar. Sama regla gildir um þá sem skráðir eru óstaðsettir í hús í Reykjavík.

Reykjavík, 10. apríl 2003.

F.h. landskjörstjórnar,

Þorvaldur Lúðvíksson.

Þórður Bogason.

Fylgiskjal.

